



Seðlabankinn ætlar sér að vera virkari á gjaldeyrismarkaði

Krónan veiktist nokkuð á fyrri hluta mánaðarins, megnið af þeirri styrkingu sem átti sér stað á aprílmánuði gekk þá til baka. Gengi krónunnar var hins nokkuð stöðugt síðari hluta mánaðar og endaði mánuðinn í 159,5 á móti evru.

Alls veiktist krónan um 3,6% í mánuðinum á móti evru, 4,9% á móti Bandaríkjadal, 2,8% á móti breska pundinu, og 3,3% á móti norsku krónunni. Gengisvísitalan hækkaði um 4,0% í mánuðinum.

Veltan á gjaldeyrismarkaði í meðallagi

Heildarvelta á millibankamarkaði í mánuðinum var 15,1 ma.kr. eða 96 m.evra sem er svipað og meðaltal seinustu 12 mánuði. Einungis var um þrjá daga að ræða sem engin viðskipti fóru fram, en til samanburðar voru 10 viðskiptadagar í apríl sem engin viðskipti áttu sér.


Seðlabankinn ætlar sér að vera virkari á gjaldeyrismarkaði

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar vegna vaxtaákvörðunar 15. maí sl. kom fram að nefndin teldi að aðstæður hafi skapast fyrir aukinni virkni Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði á næstunni með það að markmiði að draga út gengissveiflum.


Sama dag seldi Seðlabankinn 3 m.evra á gjaldeyrismarkaði eftir að hafa haldið að sér höndunum síðan 8. mars. Bankinn greip aftur inn 23. maí þegar hann seldi 3 m.evra til viðbótar.

Stjórnþæki í baráttunni við verðbólgu


Í fundargerð peningastefnunefndar¹ kemur fram að eðlilegt sé að Seðlabankinn noti þau stjórnþæki sem hann hefur yfir að ráða til þess að draga úr sveiflum í gengi krónunnar í þeim tilgangi að ná verðbólguþæki. Inngríp á gjaldeyrismarkaði sé eitt af þessum stjórnþækjum. Hins vegar lagði



Heimild: Thomson Reuters Eikon



Heimild: Bloomberg, Seðlabanki Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands

¹ sjá: [http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/Peningastefnunefnd/Fundarger%C3%B0ir-2013/Fundarger%C3%B0ir-2013/peningastefnunefndar%20ma%C3%AD%202013%20-%20Copy%20\(1\).pdf](http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/Peningastefnunefnd/Fundarger%C3%B0ir-2013/Fundarger%C3%B0ir-2013/peningastefnunefndar%20ma%C3%AD%202013%20-%20Copy%20(1).pdf)

nefndin áherslu á að þetta fæli ekki í sér yfirlýsingu um fastgengisstefnu.

Samkvæmt stefnunni sem nefndin hefur markað á að nota þann gjaldeyri sem bankinn kaupir vegna tímabundins innflæðis til þess að styðja við krónuna í gjaldeyrisústreymi. Má því búast við að Seðlabankinn hefji kaup á gjaldeyri í sumar þegar aukinn straumur erlendra ferðamanna kemur til landsins.

Inngrip ekki eina stjórnækið

Inngrip á gjaldeyrismarkaði eru ekki eina stjórnækið sem Seðlabankinn hefur til þess að hafa áhrif á gengi krónunnar. Að mati Peningastefnunefndar er eðlilegt að Seðlabankinn hafi einnig áhrif á gjaldeyrisviðskipti aðila sem standa frammi fyrir stórum gjalddögum á erlendum lánum með tillit til áhrifa þeirra á gengi krónunnar.

Með öðrum orðum getur Seðlabankinn stýrt því hvernig innlendir aðilar safna gjaldeyri upp í væntanlegar endurgreiðslur á erlendum lánum með því að stjórna hvernig undanþágur frá fjármagnshöftum eru veittar.

Vaxtagreiðslur til erlendra aðila

Vaxtagreiðslur eru undanþegnar fjármagnshöftunum og mega erlendir aðilar skipta þeim í erlendan gjaldeyri og flytja úr landi innan 6 mánaða.


Í maímánuði kom skuldabréfaflokkurinn RIKB 13 0517 á gjalddaga. Samhliða gjalddaganum fór fram vaxtagreiðsla. Erlendir aðilar áttu um 75% af þessum flokki. Alls er því um að ræða um 4,5 ma.kr. sem erlendum aðilum er nú heimilt að skipta í erlendan gjaldeyri.

Næsta stóra vaxtagreiðsla kemur í október þegar vextir á flokknum RIKB 16 1013 koma til greiðslu, en erlendir aðilar eiga um 85% af þeim flokki. Miðað við núverandi eigendaskiptingu koma þar um 3,5 ma.kr. til viðbótar til útgreiðslu sem að erlendum aðilum er heimilt að skipta í gjaldeyri.


Seinasta gjaldeyrisútboð fyrir sumarfrí

Ekkert gjaldeyrisútboð var í mánuðinum. Næsta gjaldeyrisútboð verður 11. júní. Eftir það er stefnt á að halda útboð 3. september.

Endurgreiðsla erlendra lána - 2013 og 2014



Vaxtagreiðslur til erlendra aðila



Miðað við eign erlendra aðila á ríkisskuldabréfum og íbúðabréfum 30. apríl 2013.

Heimild: Lánmál ríkisins, Íbúðalánasjóður, útreikningar Hagfræðideildar



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.